

Kæru forráðamenn.

Nú styttest í skólabyrjun en undirbúningur skólstarfsins er nú í fullum gangi. Hér koma nokkrar gagnlegar upplýsingar sem brenna á mörgum svona í upphafi skólaársins.

## Kynningarfundir nýnema og forráðamanna

Allir forráðamenn og nýnemar Sjálalandskóla eru boðaðir á kynningarfundum en þeir verða haldnir miðvikudaginn 19. ágúst á eftirfarandi tímum:

- 1. og 2. bekkur kl.16:30
- 3.-7. bekkur kl.17:15
- 8. - 10. bekkur kl.18:00.

Í Sjálalandskóla er hefð fyrir því að skólabyrjun hefjist með foreldra- og nemendaviðtölum þar sem nemendur og forráðamenn þeirra eiga stuttan fund með sínum umsjónakennara. Fundirnir verða haldnir þriðjudaginn 25. ágúst en kennsla hefst samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 26. ágúst. Umsjónarkennarar munu hafa samband við forráðamenn á tímabilinu 18. – 21. ágúst og boða í viðtölin. Skólalagatal fyrir skólaárið, upplýsingar um innkaupalista ásamt hagnýtum upplýsingum má finna á heimasíðu Sjálalandskóla.

## Skólamatur

Hægt er að kaupa hádegismat og eða síðdegishressingu fyrir nemendur hjá [skolamat.is](http://skolamat.is). Forráðamenn velja hvort þeir kaupa einn eða fleiri daga. Síðdegishressing er í boði fyrir nemendur sem eru í tómsundaheimilinu Sælukoti. Hægt er að finna upplýsingar um verð á heimasíðu skólamatar <http://www.skolamat.is/verdiskra/verdiskra-gardabaer>. Skráning fer fram eins og áður segir hjá Skólamat og hefst 24. ágúst. Skólamatur verður í boði frá og með fyrsta skólalaginu ársins þ.e. 26 ágúst.

## Mjólkuráskrift

Í vetur líkt og undanfarin ár verður mjólk seld í áskrift í hádegismatartímanum.

Verð fyrir tímabilið 26. ágúst - 6. júní er krónur 4800-

Miðað er við 1 og ½ glas af mjólk á barn

Skráning í mjólkuráskrift fer fram hjá ritara eða með því að senda póst á netfangið

[sjalandsskoli@sjalandsskoli.is](mailto:sjalandsskoli@sjalandsskoli.is).

Bæjarsjóður Garðabæjar innheimtir fyrir mjólkuráskriftina og verða sendir út greiðsluseðlar.

## Tómstundaheimilið Sælukot

Skráning fyrir nemendur í 1.-4.bekk í tómstundaheimilið Sælukot fer í fram á íbúavefnum Minn Garðabær <https://minn.gardabaer.is/login.aspx?ReturnUrl=%2fdefault.aspx>. Skóladegi hjá þessum árgöngum lýkur klukkan 14:05 á daginn. Eftir það opnar tómstundaheimilið og er opið til klukkan 17:15. Vegna skipulagningar á starfsmannahaldi biðjum við ykkur að skrá börnin sem fyrst. Verðskrá má finna á vefsíðu Garðabæjar og á heimasíðu Sjalandskóla [http://sjalandsskoli.is/library/Files/Tomstundaheimili/Gjaldskra%20tomstundah%20jan%202013%20\(s%C3%BE%2006%2012%2012\).pdf](http://sjalandsskoli.is/library/Files/Tomstundaheimili/Gjaldskra%20tomstundah%20jan%202013%20(s%C3%BE%2006%2012%2012).pdf)

## Frístundabíll

Frístundabíllinn hefur það hlutverk að keyra börn frá tómstundaheimilum grunnskóla í íþrótt- og tómstundastarf. Bíllinn ekur virka daga kl. 14:15-17:30 og fer fram og til baka á hverjum 30 mínútum. Skráning í frístundabíllinn er á íbúavefnum Mínum Garðabæ <https://minn.gardabaer.is/login.aspx?ReturnUrl=%2fdefault.aspx>. Þar er hægt að kaupa kort, fylla á eldri kort og fá nánari upplýsingar um verð.

Hlökkum til samstarfsins í vetur.

Með kærri kveðju,

Edda Björg Sigurðardóttir

aðstoðarskólastjóri